

Golf er ... ?



**Sigurður Þ.
Guðmundsson**

Skilgreining þessa fyrirbæris er óleyst, en vafalítið ekkert að flækjast fyrir iðkendum sínum, beggja kynja og allra aldursflokka. Það er hreint ekki ótímabært að ungir foreldrar gefi tveggja ára afmælisbarni sínu golfsett, hannað fyrir þennan aldursflokk.

Golf var tæplega sýnilegt þegar ég óx úr grasi á stríðsárunum og fram undir 1950. Þá bar svo við að í fjögurra félaga hópi okkar var einn sem átti föður og hafði sá keypt sér golfsett, sjálfsagt frá Skotlandi og væntanlega pokabuxur og stefnt að því að leika golf með jafnaldra broddborgurum á velli Golfklúbbs Reykjavíkur í austanverðri Öskjuhlíð, og langleiðina að Hvassaleiti. Þangað var farið með strætó vestan úr bæ upp í Hlíðar, labbaður drjúgur spölur yfir Hamrahlíðarurðina upp í Golfskála. Aflað var leyfis til leiks og fengin leiðsögn til 1. teigs. Handhafi golfsettsins skýrði okkur hinum frá mismunandi hlutverki þriggja trékylfa með sköft úr mahóni eða hickorý, en járnin fjögur númer 3, 5, 7 og 9 skeft með stáli. Golfsveiflan var síðan kennd á 2-3 mínútum. Þóttist hver okkar mundu valda því að hitta hvíta boltann. En þrír þeir fyrstu „götuðu“ loftið ofan og til hliðar við boltann í mismörgum tilraunum. Aðeins einum tókst að slá boltann 50-60 metra og meira að segja í rétta átt. Ég sló síðastur, enda aftastur í stafrófinu. Áætlunin var að slá lengra og beinna en nokkur hinna. Hugaði að gripinu, dálítil vandræði að krækja litla fingri hægri handar á réttan stað. Það tókst og hófst sveiflan með hraði. Yfirnáttúruleg heppni varð til þess að kylfuhausinn hitti ekki einn félagann sem stóð mér óvitandi of nærri beint í hausinn, heldur urðu það samskeyti hauss og skafts sem hittu vininn án þess að „ben“ af hlytist. Kylfuhausinn flaug nokkra metra hornrétt á ætlaða stefnu og golfkúlan haggadist ekki. Með mörgum móði hélt æfingin áfram.

Árin 1950-'64 liðu fljótt við að ná því að verða cand.med. í júní '57 og afla sérfræðingsviðurkenningar. Golf kom hvergi við sögu, þó man ég eftir nöfnum Jack Nielaus og Arnolds Palmer á íþróttasíðum NYT. Tómsundurir voru fáar eftir heimkomuna. Um sumarið 65 fjárfestum við Ragnheiður eiginkona mín í tjaldi og tilheyrandi búnaði og fórum í fyrstu útileguna til Þingvalla og tjölduðum í Bolabás. Þar kom hún mér á óvart með því að

gefa mér hálfu golfsett, en það innihélt tré I og III auk járna 3, 5, 7 og 9, og vitanlega púttar.

Þarna í sumarblíðunni fann ég grasblett á miðri mosaþembu og hóf að reyna tækin. Eftir nokkrar tilraunir tókst mér að hitta boltann með 7-járni og flaug sá í fallegum boga, og viti menn í stefnuna sem ég ætlaði. Hvílíkt undur! Tilfinningin sem ríslaði um mig var mér óþekkt með öllu. Hamingja mín er sú að einstaka golfhögg hafa endurvakið þessa kennd öðru hverju. Golfið hefur síðan haldið mér óleysanlegum tökum.


Golfvellir hérlendis hafa það umfram öll erlend golfsvæði sem ég hef komið á að bjóða upp á nær takmarkalaust víðerni og allt það fallegasta úr flóru og fínu hvers staðar. Nær allir kyfingar bera tæki sín á bakinu eða draga þau á eftir sér í kerru svo að heilsusamleg hreyfing er góð búbot fyrir alla þá sem heilir heita og ekki síður fyrir þá sem á endurhæfingu þurfa.

Ég hef verið félagi í GN á Seltjarnarnesi síðan 1966 og uni mér hvergi betur. Það var því auðsött að taka að mér að spila hring með amerískum ferðalangum sem væri í hnattferð, en staldrið hér aðeins einn dagur miðsumars 1970. Þetta var geðslegur náungi, verkfræðingur sextugur að aldri, en hafði hætt störfum 55 ára. Honum hraus þá hugur við að iðjuleysi myndi gera út af við sig. En hann var kyfingur frá táningsaldri og hafði haldið dagbækur um hvar hann lék og hvernig skorið hefði verið. Samkvæmt dagbókunum hafði hann spilað í 17 ríkjum USA, en bara í Mexíkó og Englandi utan USA. Það tók hann aðeins tvö ár að spila bandarísku ríkin 33 sem eftir voru og nú væri hann á heimsreiðu með Pan-Am til að koma nýjum þjóðlöndum á golfkortið sitt. Hann bauð mér að giska á hvað þjóðríkin væru mörg sem hann hefði spilað í fram að þessu. Í huganum taldi ég Kanada, Mið-Ameríku-ríkin og eyríkin karabísku + 8-10 Evrópuríki og slumpaði síðan á að þau gætu verið 80-90. Hann upplýsti þá hróðugur að ríkin væru 142, og í ferðinni myndi hann hala inn obbann af þeim 40 sem eftir væru.

Ég hef haft viðlíka áætlun síðan, en aðeins náð 23 þjóðlöndum. Um sl. hvítasunnu hugðist ég koma Færeyjum á golfkortið sem ekki tókst. Völlurinn var upptekinn af sauðburðinum!

Þjóðaríþróttinni, ferskeytlunni, hefur verið

Höfundur er sérfræðingur í lyflækningum og efnaskiptasjúkdómum.



beitt í golfi en ærið misjafni að gæðum. Væntingar mínar í þá veru að yrkja hafa einstöku sinnum orðið birtingarhæfar. Mér varð orða vant í fertugs-afmæli eins vina minna fyrir allnokkru og kastaði eftirfarandi fram:

*Er í golfið gráðugur.
Góðdrykk sýpur liðugur.
Nú er fyrinn fertugur.
Mér finnst það næstum atburður!*

Golf er ... í fyrirsögn þessa pistils verður nú útskýrt.

Golf er hámark lífsgæða þeirra sem eiga tómsundurir eða kunna að skapa sér þær, samanber öldrunarlækninn sem kenndi Ársæli Jónssyni fræðin og lauk máli sínu svo: „and I'll let nothing interfere with my golf!“

Hér er kortlagt hvernig undirrituðum hefur gengið að kanna nýjar lendur í golfheiminum. Punktarnir tákna gróflega viðkomu- staði golfarans.